

# Skýrsla stjórnar AkureyrarAkademíunnar um starfsárið 2019- 2020

Lögð fram á ársfundi stofnunarinnar 20. maí 2020

## 1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Á ársfundi stofnunarinnar 29. maí 2019 var stjórn AkureyrarAkademíunnar kosin, auk fulltrúaráðs. Í stjórn starfsárið 2019-2020 hafa verið:

- Steinunn A. Ólafsdóttir, formaður
- Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri
- Sigurgeir Guðjónsson, ritari

Í fulltrúaráði sátu:

- Dr. Arndís Bergsdóttir,
- Dr. Martina Huhtamäki,
- Dr. Skafti Ingimarsson
- Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir.

Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri fór í fæðingarorlof í september 2019 og sneri aftur í starfa í lok ársins. Í ársbyrjun 2020 gerði hún stjórn grein fyrir að hún myndi láta af störfum hjá AkAk um vorið vegna flutninga til Reykjavíkur til að taka við starfi framkvæmdastjóra nýrrar vinnumarkaðsstofnunar ASÍ og BSRB. Stjórn AkAk þakkar Kristínu Hebu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf þau fjögur ár sem hún hefur verið framkvæmdastjóri AkAk og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Stjórn auglýsti eftir nýjum framkvæmdastjóra og eftir viðtöl við umsækjendur var ákveðið að ráða Aðalheiði Steingrímsdóttur sem framkvæmdastjóra og hóf hún störf um miðjan mars. Aðalheiður er að vinna að meistaraverkefni sínu og verður því í 30% starfi fram á haustið og eftir það í 50% hlutfalli.

## 2. Húsnæðismál

Í mars 2019 sagði Akureyrarbær upp leigusamningi AkAk í Árholti vegna ákvörðunar um að taka húsnæðið í notkun fyrir aðra starfsemi í maí. Í kjölfarið flutti AkAk í Glerárgötu 34 í frumkvöðlasetrið Verksmiðjuna á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar og þar fékk AkAk að vera út

febrúar 2020 án þess að greiða leigu, en Akureyrarbær hafði á sínum tíma tekið húsnæðið á leigu undir starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar. Vegna mikillar óvissu um hvað myndi taka við í húsnæðismálum AkAk þegar verunni í Glerárgötu væri lokið var nauðsynlegt að leita allra leiða til að finna öruggt húsnæði fyrir starfsemina. Forsvarsfólk AkAk átti í viðræðum við Akureyrarbæ um hvort annað húsnæði væri laust á vegum bæjarins en svo reyndist ekki vera. Einnig var leitað eftir viðræðum milli AkAk, Akureyrarbæjar, Háskólans á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöðvar og MATÍS um mögulegt samstarf og samnýtingu húsnæðis en þær skiluðu ekki árangri. AkAk sótti ennfremur um að taka Sigurhæðir á leigu þegar Akureyrarbær auglýsti eftir umsjónaraðila með húsinu þrátt fyrir að ljóst væri að aðstaðan þar myndi ekki henta starfsemi AkAk. Í lok ársins 2019 hófst stjórn AkAk handa við að kanna til hlítar möguleika á því að kaupa húsnæði undir starfsemina og einnig að skoða kostnað við að leigja á almennum markaði. Þessi skoðun leiddi í ljós að hagkvæmara yrði að kaupa húsnæði en að leigja á almennum markaði og leitaði stjórn álits fulltrúaráðs AkAk til að breikka grunninn undir ákvarðanatöku um kaup á húsnæði.

Gert var tilboð í skrifstofuhúsnæði í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12, Akureyri sem var í eigu Díls ehf. Bókhaldsþjónustu og var skrifað undir kaupsamning í janúar 2020. Kaupverð er 25.8 m.kr. og var tekið bankalán að upphæð 20.250 m.kr. til að fjármagna kaupin. Húsnæðið er tæplega 180 fm að stærð og hentar mjög vel starfsemi AkAk.

Þegar AkAk flutti tímabundið að Glerárgötu voru einungis níu vinnupláss sem hægt var leigja út en þau höfðu áður verið 14 í Árholti. AkAk samdi við Nýsköpunarmiðstöð um að fá að taka einnig til notkunar vinnupláss í hluta frumkvöðlasetursins og með þeim hætti var hægt að leigja fleiri aðilum vinnuaðstöðu. Stjórn AkAk gerir ráð fyrir að aðstaða verði fyrir a.m.k. 14 einstaklinga í nýja húsnæðinu í Sunnuhlíð, auk framkvæmdastjóra. Eftir að flutt var í Sunnuhlíð var lögð áhersla á að auglýsa lausa vinnuaðstöðu hjá AkAk en ástandið í samfélaginu vegna kórónaveirunnar hefur gert það að verkum að ekki hefur tekist að leigja út öll laus vinnupláss en gerð verður gangskör að því að fá inn nýja einstaklinga þegar aðstæður í samfélaginu verða skaplegri.

### **3. Starfið í AkureyrarAkademíunni**

Umfang starfsemi AkAk var minni á starfsárinu en fyrri ár vegna flutninga, fæðingarorlofs framkvæmdastjóra og starfsmannabreytinga. Eins og áður hefur starfsandinn verið góður á starfsárinu þrátt fyrir miklar breytingar. Vegna flutninga hefur ekki tekist að halda úti

skipulegum vettvangi fyrir akademóna til samtals og samstarfs um ýmis mál eins og var í Árholti, en lögð er áhersla að koma slíku aftur af stað þegar líður á sumarið. Áfram hefur verið unnin mikil sjálfboðavinna innan AkAk bæði af stjórn og fulltrúum og lögð áhersla á að þeir sem leigja vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk starfi fyrir stofnunina til dæmis við dagleg störf innan veggja hússins.

Vegna flutninga og fæðingarorlofs framkvæmdastjóra stóð AkAk ekki fyrir viðburði á LÝSU í september 2019 og fyrirlestrum á öldrunarheimilum Akureyrar sama haust.

Eins og áður hefur verið lögð áhersla á að efla og viðhalda vefsíðu stofnunarinnar, halda úti fésbókarsíðu fyrir fulltrúa, auka umhverfisvitund með því að flokka sorp og þátttöku í lýðheilsuverkefninu „Hjólað í vinnuna“.

Í júní 2019 var farið í vorferð akademóna og var þá haldið til Siglufjarðar og í desember 2019 var haldið árlegt jólaboð og fór það fram í Verksmiðjunni í Glerárgötu.

#### **4. Húsfólk**

Alls voru 17 fulltrúar sem leigðu vinnuaðstöðu hjá AkAk á starfsárinu 2019-2020, til lengri eða skemmri tíma. Fulltrúarnir voru: Aðalheiður Steingrímisdóttir, Anna Soffía Víkingisdóttir, Bára Sif Sigurjónsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Dagný Davíðsdóttir, Daníel Gunnarsson, Guðrún Arngrímisdóttir, Hrafnhildur Reykjalin, Hulda Þórey Gísladóttir, Martina Huhtamaki, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Skafti Ingimarsson, Steinunn A. Ólafsdóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir, Þórhallur S. Bjarnason. Auk þeirra starfaði fyrri framkvæmdastjóri, Kristín Heba Gísladóttir, í húsnæði stofnunarinnar, og þar starfar einnig Aðalheiður Steingrímisdóttir núverandi framkvæmdastjóri.

#### **5. Samstarf við ýmsa aðila**

AkureyrarAkademían hefur átt gott samstarf við hina ýmsu aðila í gegnum tíðina.

- **Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

Framkvæmdastjóri undirritaði eins árs framlengingu á samstarfssamningi AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið í byrjun þessa árs og er framlagið í ár 9,1 m.kr. Framundan eru viðræður AkAk við ráðuneytið um langtímasamning til 3-5 ára og er gert ráð fyrir að þær hefjist

þegar kemur fram á haustið. Grunnforsenda starfs AkAk er samningur við ráðuneytið sem tryggir stofnuninni fjármagn og gerir henni kleift að hafa launaðan framkvæmdastjóra en umfang starfseminnar er mun meiri en hægt er að krefjast af fólki í sjálfboðaliðastarfi.

- **Háskólinn á Akureyri**

Unnið er samkvæmt samstarfssamningi Háskólans á Akureyri og AkAk sem undirritaður var árið 2017, meðal annars með því að AkAk sendir á hverri önn upplýsingar um þá sem starfa innan AkAk, hafa upplýsingarnar nýst vel til þess að kortleggja betur þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar á svæðinu. Í samningnum við HA er kveðið á um sameiginlegt ráðstefnuhald einu sinni á samningstímabili en ekki hefur tekist að framfylgja því. Samningur HA og AkAk rennur út í maí 2020 og hefur AkAk óskað eftir fundi með rektor HA og forsetum viðeigandi fræðasviða um endurnýjun samningsins og samstarf aðila.

- **ReykjavíkurAkademían**

Samstarfssamningur AkureyrarAkademíunnar og ReykjavíkurAkademíunnar var undirritaður í apríl 2018 og gildir í þrjú ár. Markmiðið með samningum er að auka samstarfið milli stofnananna. Jafnframt kveður hann á um að þeir sem leigja vinnuáðstöðu á öðrum hvorum staðnum geti fengið tímabundna aðstöðu á hinum staðnum. Framkvæmdastjóri AkAk og framkvæmdastjóri RA, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir hafa ákveðið að ræða saman innan tíðar um samstarf stofnanna.

## 6. LÝSA

Ekki verður af þátttöku AkAk í LÝSU í september 2020 þar sem aðstandendur LÝSU hafa tilkynnt að viðburðurinn verði felldur niður vegna kórónafaraldursins.

## 7. Verkefni í undirbúningi

- Hafnar eru samræður AkAk við Akureyrarbæ um samstarf aðila með tilvísun til samstarfssamnings ReykjavíkurAkademíunnar og Reykjavíkurborgar.
- Hafinn er undirbúningur fyrir samræður AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið um gerð langtímasamnings.
- Óskað hefur verið eftir endurnýjun samnings AkAk og Háskólans á Akureyri.

- Sett verður upp fyrirlestraröð í haust í samráði við Öldrunarheimilin eins og á undanförunum árum.
- Framkvæmdastjórar AkAk og ReykjavíkurAkademíunnar hafa ákveðið að eiga samræður um samstarf stofnanna.
- Efla samtal og samstarf akedemóna um ýmis málefni sem tengjast brú milli fræða og samfélags.
- Fjölga leigjendum í húsnæði AkAk.
- Móta starfsstefnu/starfsáætlun AkAk til næstu fjögurra ára samkvæmt skipulagsskrá AkAk.

Stjórn AkAk þakkar öllum sem komið hafa að starfsemi stofnunarinnar á starfsárinu fyrir þeirra framlag og ánægjulegt samstarf.

Akureyri 19. maí 2020

F.h. stjórnar

Steinunn A. Ólafsdóttir formaður